39 25. febr. Um 1. Samkvæmt reglugjörð 17. júlí 1782, 6. gr., eiga prestar og andlegrar stjettar menn, sem opinberum embættum þjóna, að greiða tíund af lausafje sínu, að eins til fátækra, en eigi annara, og þá ekki til kirkju, en fyrirmæli lagagreinarinnar virðast ekki veita heimild til að álykta, að þessi undanþága nái einnig til uppgjafapresta og prestsekkna, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 31. marz 1869. Í landshöfðingjabrjefi 12. apríl 1880 er þeirri skoðun haldið fram, að allar undanþágur frá tíundargjaldi af lausafje sjeu afnumdar með lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878, 1. og 12. gr., en með því að sumir prestar hafa eigi viljað hlíta þeim úrslitum, mun dómstólunum innan skamms verða veitt færi á, að leggja fullnaðarúrskurð á það atriði.

Um 2. Þótt enginn beinn lagabókstafur heimili það, þá mun það vera föst venja frá ómunatíð, að prestar, og að því er virðist einnig uppgjafaprestar og prestsekkjur, sjeu undanþegnir að gjalda ljóstoll til kirkju, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 31. október 1861, að því er snertir biskupinn, en legkaup ber öllum andlegrar stjettar mönnum að gjalda fyrir sig og sína, eptir sömu reglum sem aðrir.

Um 3. Um skyldu uppgjafapresta og prestsekkna til að gjalda lausafjártíund til prests er sama að segja, sem áður er sagt um skyldur þeirra til að gjalda lausafjártíund til kirkju; og að því er snertir önnur gjöld til prests, svo sem offur og lambsfóður, þá er engin heimild, hvorki í lögum nje í fastri venju, fyrir neinni undanþágu frá þeim gjöldum.

40 27. febr. Brjef landshöfðingja *til biskupsins* um niðurlagning Hofsprestakalls og Miklabæjar í Óslandshlíð o. fl. — Eptir ósk hlutaðeigandi sóknarmanna og sóknarnefnda og samkvæmt löglegri ályktun hjeraðsfundarins í Skagafjarðarprófastsdæmi 3. sept. f. á., svo og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 18. nóv. f. á., og að fengnum yfirlýsingum frá prestunum að Felli og Viðvík, og eigendum Miklabæjarkirkju í Óslandshlíð, svo og öðrum nauðsynlegum skilríkjum, vil jeg hjer með, með skýrskotun til 4. gr. í lögum nr. 3, 27. febrúar 1880, sbr. ráðgjafabrjef 5. maí 1887 (Stjórnartíð. 1887, B, bls. 74), leggja samþykki mitt á:

1. Að Hofsprestakall og Miklabæjar í Óslandshlíð í Skagafjarðar prófastsdæmi verði lagt niður sem sjerstakt brauð.
2. Að kirkjan að Miklabæ í Óslandshlíð verði lögð niður, og Miklabæjarsókn sameinuð Viðvíkursókn, þannig, að eigandi Miklabæjar greiði 305 krónur í sjóð Viðvíkurkirkju, láti af hendi til hennar stærri kirkjuklukkuna frá Miklabæ, afsali henni öllum tekjum Miklabæjarkirkju frá fardögum 1890 að telja, og Viðvíkurprestakalli högghrís og rifhrísitak Miklabæjar í Viðvíkurlandi til fullkominnar eignar.
3. Að höfð sjeu makaskipti sljettum kaupum, samkvæmt allramildilegustu leyfi konungs 3. f. m., sbr. ráðgjafabrjef 12. f. m. (Stjórnartíðindi þ. á. B., bls. 1), á prestssetrinu Felli, með kirkju og hjáleigum, og bændaeigninni Höfða með kirkjunni, þannig, að báðar jarðirnar verði afhentar með jafnmiklum húsum og kúgildum og með fullu álagi eptir úttekt.
4. Að Höfði verði hjer eptir prestssetur í stað Fells.
5. Að Höfðakirkja verði lögð niður, bæirnir Höfði og Málmey leggist með kirkjugjöld-

um sínum til sóknar að Felli, en allir aðrir bæir í Höfðasókn sameinist Hofssókn, og gjaldi þangað kirkjugjöld. 40 27. febr.

6. Að Hofssókn leggist til Fellsprestakalls, að óskertum tekjum þess, eptir núgildandi lögum.
7. Að andvirði hinnar niðurlögðu Höfðakirkju og áhalda hennar, svo og 40 krónur af sjóði kirkjunnar með öllum tekjum hennar frá fardögum 1889 til þess hún verður niður lögð, sem núverandi eiganda ber að láta greiða af hendi með kirkjunni, skiptist milli Hofs og Fellskirkna eptir sama hlutfalli og 5 síðustu ára meðaltal af upphæð kirkjugjalda frá þeim bæjum í Höfðasókn, er leggjast til hvorrar kirkjunnar fyrir sig.
8. Að kollektupeningar Hofspinga verði lagðir Hvammi í Laxárdal.
9. Að ljensjörð Hofspinga, Brúarland, og endurgjald Hólamötunnar, 80 pd. smjörs, er greiðist úr landssjóði til sama brauðs, hverfi með Miklabæjarsókn til Víðvíkurprestakalls.

Þetta tilkynnist yður hjer með, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* um sveitfesti þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. desbr. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi með einu fylgiskjali frá hreppsnefndinni í Skriðuhreppi innan Eyjafjarðarsýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 15. júlí f. á., sem ákveður, að Sæunn nokkur Pjetursdóttir skuli álítast sveitlæg í nefndum hreppi, og hafið þjer enn fremur sent 15 skjöl, málinu viðvíkjandi. 41 27. febr.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að með því að vist Sæunnar á Krossastöðum 1878—79, eptir því sem fram er komið og eins og frá er skýrt í úrskurði yðar, að eins virðist hafa verið til málamynda og til þess að fara í kring um fyrirmæli laganna um sveitfesti eptir 10 ára samfleytta dvöl, þá skal úrskurður yðar í máli þessu óraskaður standa[1].

---

1) Úrskurður amtmannsins í máli þessu er svo hljóðandi:

Eptir að hafa meðtekið þóknanleg brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 2. f. m. og 9. þ. m., og þar með ítarlegri skýrslur þær, er amtið hafði æskt eptir um ágreining þann, sem orðið hefir milli yðar og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um sveitfesti Sæunnar Pjetursdóttur á Neðstalandi, legg jeg svolátandi úrskurð á þetta mál:

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, er Sæunn Pjetursdóttir fædd 12. apríl 1827 í Víkurkoti (eða Vikarkoti) í Akrahrepp innan Skagafjarðarsýslu, og fór úr þessari sveit sinni vorið 1869 í Skriðuhrepp innan Eyjafjarðarsýslu, þar sem hún dvaldi fyrst 2 ár á Hraunshöfða og svo 7 ár á Efstalandi, en samkvæmt tveimur prestsvottorðum er hún talin burt vikin þaðan vorið 1878, að Krossastöðum í Glæsibæjarhrepp, og vorið 1879 talin aptur inn komin í Skriðuhrepp, annaðhvort að Efstalandi eða að Staðartungu, þangað er hinir fyrri húsbændur hennar, þau systkinin Sigurður Sigurðsson, nú á Öxnhóli, og Hallfríður Sigurðardóttir, fluttu sig sama vorið. Síðan hefir hún dvalið í Skriðuhrepp og orðið þurfandi sveitarstyrks haustið 1887, sem hreppsnefndin í Akrahrepp hefir neitað að endurgjalda Skriðuhrepp.

Úrslit þessa máls eru undir því komin, hvort svo verði álitið, að sveitfestisdvöl Sæunnar í Skriðuhrepp hafi slitnað við veru hennar á Krossastöðum í Glæsibæjarhrepp 1878—79.